

**From:** N1 Eftirlit

**Sent:** fimmtudagur, 29. ágúst 2024 15:08

**To:** [thorsteinn@hev.is](mailto:thorsteinn@hev.is)

**Cc:** Heilbrigðiseftirlit Vesturlands <[eftirlit@hev.is](mailto:eftirlit@hev.is)>; Hermann Elí Hreinsson <[hermannh@n1.is](mailto:hermannh@n1.is)>

**Subject:** Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi - N1 Dalbraut 14

Sæll Þorsteinn,

Hér með sæki ég hér með um framlengingu á starfsleyfi okkar fyrir hjólbarðaverkstæði að Dalbraut 14, 300 Akranesi.

Í viðhengi er útfyllt og undirrituð umsókn frá okkur en við sækjumst aðeins eftir framlengingu á leyfinu til tveggja ára eða til 31.12.2026.

Þar sem hljóðmengun frá verkstæðinu hefur lengi verið vandamál höfum við þegar tekið upp nýtt verklag á verkstæðinu en við óskum eftir því að textinn hér að neðan verði auglýstur með umsókninni á heimasíðu ykkar.

Er þetta gert í þeirri von að við getum fengið endurnýjun á leyfinu og á einhvern hátt komið til móts við þá sem búa nærri verkstæðinu.

#### **Yfirlýsingin er svohljóðandi:**

N1 ehf. sækir hér með um framlengingu á gildistíma starfsleyfis til tveggja ára eða út desember árið 2026 fyrir bíla- og dekkþjónustu félagsins sem rekin er að Dalbraut 14 á Akranesi. Óskað er eftir framlengingu á gildistíma starfsleyfis þar til fyrirhugaðri byggingu á nýju verkstæði félagsins að Elínarvegi 3 á Akranesi lýkur. Þegar nýja verkstæði N1 er tilbúið mun N1 ehf. flytja hjólbarðaverkstæðið af Dalbraut 14 og ljúka þar með allri starfsemi á lóðinni. Þar sem verkstæði félagsins í dag er staðsett í námunda við íbúabyggð mun N1 ehf. kappkosta við að minnka allan þann umhverfishávaða sem berst frá verkstæðinu. Aðgerðir sem verður tekið til eru m.a. að allir vörubílar og stærri tæki verða þjónustuð við innstu innkeyrsluhurð suð-astan megin við bygginguna í stað vestur hliðar eins og hefur verið gert til þessa. Gegnir byggingin þá hlutverki hljóðveggis en hún aðskilur þá þjónustustæði og íbúabyggð. Hurð á vestur hlið hússins verður lokað og verður aðeins notuð sem neyðarhurð, þetta gert til að minnka þann hávaða sem berst innan úr verkstæðinu. Allar innaksturshurðir fyrir fólksbíla verða lokaðar á meðan ökutæki eru þjónustuð innandyra. Í undantekningartilfellum þarf að þjónusta löng ökutæki á lyftu og þá verður hurð að vera opin, aðeins í skamma stund. Notast hefur verið við loftlykla við þjónustu á öllum ökutækjum en notkun þeirra verður nú hætt og rafmagnslyklar teknir í notkun í stað þeirra. Er þetta gert til að minnka þann hávaða sem berst frá notkun loftlykla en rafmagnslyklarnir eru umtalsvert hljóðlátari. Þetta gildir um alla þjónustu á verkstæðinu, bæði innan- og utandyra.

Nú þegar hefur fyrirtækið tekið ofangreint verklag í notkun.

Endilega hafðu samband ef einhverjar spurningar vakna vegna umsóknarinnar.

Bkv. Viktor Örn G.